



Fundur Bygginga-, skipulags- og umhverfisnefndar

Miðvikudaginn 13. september 2023 kom bygginga-, skipulags- og umhverfisnefnd Kaldrananeshrepps saman til 2. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Ólafur Ingimundarson og Jón H. Elíasson, Grettir Örn Ásmundsson og Hlynur T. Torfason.

Ólafur Ingimundarson, formaður setti fund kl. 15:00.
Finnur Ólafsson ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 2. fundar:

1. Fundargerð byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 19. september 2022.
2. Lóðarsamningur Grundargötu 9 og 11
3. Lóðarsamningur Aðalbraut 22
4. Lóðirnar á Vitavegi
5. Framkvæmdir á Grundargötu 5
6. Lóðir og byggingar á Nesvelli
7. Nýtt deiliskipulag Ásmundarness
8. Sólskálinn á Fiskinesi
9. Aðalskipulag Hveravíkur
10. Nýtt deiliskipulag Hveravíkur
11. Nýtt íbúðarhús á Hellu
12. Sumarhús á Sandnesi
13. Lóð í Skarðshlíð
14. Drög að deiliskipulagi Skarði
15. Drög að breytingu á deiliskipulagi Vitavegi
16. Sumarhús Hrísbali
17. Sumarhús Klúka lóð 5
18. Sumarhús Klúka lóð 3
19. Nýtt íbúðarhúsnæði Ásmundarnesi
20. Nýtt íbúðarhúsnæði Hvammur
21. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar 19. september 2022.

Formaður gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Lóðarsamningur Grundargötu 9 og 11

Til stendur að skipta lóð Grundargötu 9 og 11 í tvennt. Það er gildandi lóðarsamningar en lóðarhafar þurfa að segja honum upp áður en hægt er að gera nýjan.

Byggingarfulltrúa falið að setja upp ný hnit fyrir lóðir og þjónustufulltrúa falið að annast þinglýsingu á nýja lóðarsamninga.
Borið upp og samþykkt.

3. Lóðarsamningur Aðalbraut 22

Orkubú Vestfjarða sendi Kaldrananeshreppi beiðni og óskar eftir málsettu lóðarblaði fyrir Aðalbraut 22.

Þjónustufulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

4. Lóðirnar á Vitavegi

Lóðarleigusamningar liggja ekki fyrir, fyrir lóðirnar á Vitavegi 4 og 8. Búið er að gera lóðaruppdrátt fyrir Vitaveg 8.

Byggingarfulltrúa falið að útbúa lóðaruppdrátt fyrir lóðir við Vitaveg.
Borið upp og samþykkt.

5. Framkvæmdir á Grundargötu 5

Byggingarnefnd ítrekar þá kröfu að sótt sé um byggingarleyfi fyrir öllum breytingum.
Byggingarfulltrúa falið að senda viðkomandi erindis þess efnis.
Borið upp og samþykkt.

6. Lóðir og byggingar á Nesvelli.

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.
Borið upp og samþykkt.

7. Nýtt deiliskipulag Ásmundarness

Vinna á nýju deiliskipulagi í landi Ásmundarness stendur yfir.

Skipulagsfulltrúa falið að kanna stöðu mála.
Borið upp og samþykkt.

8. Sólskálinn á Fiskinesi

Búið er að byggja sólskála á Fiskinesi.

Byggingarfulltrúa falið að bregðast við.
Borið upp og samþykkt.

9. Aðalskipulag Hveravíkur

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að breytingu Aðalskipulags Kaldraneshrepps 2010-2030, nýja fristundabyggð í Hveravík og tilfærslu verslunar- og þjónustusvædis samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður auglýst tillaga að deiliskipulagi svæðisins.

Skipulagsfulltrúa er falið að senda breytingartillöguna til athugunar Skipulagsstofnunar.

Borið upp og samþykkt.

10. Nýtt deiliskipulag Hveravíkur

Skipulagsnefnd samþykkir tillögu að deiliskipulagi í landi Hveravíkur til auglýsingar skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Deiliskipulagstillaða verður auglýst samhliða samsvarandi aðalskipulagsbreytingu

Borið upp og samþykkt.

11. Nýtt íbúðarhús á Hellu

Byggingar- og skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna fyrirhugaða framkvæmd.

Borið upp og samþykkt.

12. Sumarhús á Sandnesi

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

Borið upp og samþykkt.

13. Lóð í Skarðshlíð

Til stendur að stækka lóð í Skarðshlíð.

Skipulagsnefnd staðfestir lóðarblað.

Byggingarfulltrúa falið að annast málið.

Borið upp og samþykkt.

14. Drög að deiliskipulagi Skarði

Drög að tillögu lögð fram til kynningar.

15. Drög að breytingu á deiliskipulagi Vitavegi

Drög að tillögu lögð fram til kynningar.

16. Sumarhús Hrísbali

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

Borið upp og samþykkt.

17. Sumarhús Klúka lóð 5

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

Borið upp og samþykkt.

18. Sumarhús Klúka lóð 3

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

Borið upp og samþykkt.

19. Nýtt íbúðarhúsnæði Ásmundarnesi

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.

Borið upp og samþykkt.

20. Nýtt íbúðarhúsnæði Hvammur

Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að afgreiða málið.
Borið upp og samþykkt.

21. Önnur mál.

Engin önnur mál liggja fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundí slitið klukkan 19:00